

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/380
komudagur 10.12.2008



Nefndarsvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi, 152. mál

Samtökunum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins hefur borist ofangreint frumvarp og er þetta sameiginleg umsögn þeirra.

Samtökin gera athugasemdir við það hvernig aðkoma Skipulagsstofnunar er fyrirhuguð með breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Samkvæmt frumvarpinu er Skipulagsstofnun falin gerð skipulagsáætlunar á hafsvæðum utan netlaga sem og veiting framkvæmdaleyfis og byggingarleyfis vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis. Auk þess er lagt til að stofnuninni sé falið eftirlitshlutverk með framkvæmdum og vegna beggja þessara leyfa.

Það er nýlunda að Skipulagsstofnun séu faldar leyfisveitingar af þessu tagi og gerð skipulagsáætlana. Skipulagsstofnun hefur fyrst og fremst eftirlits- og samræmingarhlutverk en er ekki framkvæmdaraðili. Það er óeðlileg stjórnsýsla að stofnunin geri sjálf áætlanir sem henni er ætlað að hafa eftirlit með.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum sjá sveitarstjórnir um útgáfu framkvæmdaleyfa og byggingarleyfa, enda eru byggingarleyfi samkvæmt skilgreiningu gefin út af sveitarstjórnnum, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna:

Byggingarleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra. Leyfið felur í sér samþykkt aðaiuppdráttu og framkvæmdaáforma og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum, sbr. 44. gr.

Ekki hefur verið byggð upp sérþekking á beinum leyfisveitingum og eftirliti með framkvæmdum hjá stofnuninni. Þessi þekking er hjá sveitarfélögum sbr. 3. gr. 2. mgr. laga nr. 73/1997


Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðai- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir, veita byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi og annast byggingareftirlit með atbeina kjörinna nefnda og sérhæfðra starfsmanna.

Þar sem ekkert sveitarfélag hefur yfirráð yfir hafsvæðum er ætlunin, með þessu frumvarpi, að byggja þessa þekkingu upp hjá ríkisstofnun. Samtökin leggja til að þessi þekking verði byggð upp hjá þeim aðila sem hefur nú þegar með málið að gera, þ.e. Orkustofnun. Samkvæmt lögum nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis hefur Orkustofnun nú þegar leyfisveitingar- og eftirlitshlutverk og á undanförunum árum hefur byggst þar upp þekking á framkvæmdum á því sviði sem hér um ræðir. Lagt er til að þau efnisatriði sem talin eru upp í 13. – 17. gr. frumvarpsins verði færð í lög nr. 13/2001 en ekki inní Skipulags- og byggingalög. Lagt er til að skipulagsskylda og leyfisveitingar vegna framkvæmda verði hluti af rannsóknar- og vinnsluleyfum og því umsóknar- og leyfisveitingaferli sem þar hefur verið skilgreint.


Samtökin telja að með þessu náist mikil hagræðing í stjórnarsýslunni. Byggt yrði undir sérþekkingu á málaflokknum á einum stað, hjá Orkustofnun, og skilvirkni aukin með færri leyfisveitendum. Umsagnaraðilar koma sjaldnar að sama málinu, en fyrirsjáanlegt er að nokkrar stofnanir komi oftár en einu sinni að sama máli sem leyfisveitendur og/eða umsagnaraðilar, eins og tíðkast í stjórnarsýslunni í dag. Samkvæmt greinum 18. – 27. í því frumvarpi sem hér er til umsagnar munu framkvæmdaraðilar sækja um starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, falla undir eftirlit Brunamálastofnunar, falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum sem Skipulagsstofnun hefur umsjón með og framkvæmdirnar munu einnig falla undir lög um varnir gegn mengun hafs og stranda sem eru á forsjá Umhverfisstofnunar. Auk þessa er starfsemin háð leyfi og eftirliti samkvæmt lögum nr. 13/2001. Hið opinbera hefur því öll tækifæri til að koma að skipulagi framkvæmda og grípa inní gang mála sé ástæða til.

Umsagnaraðilar telja að hér sé kærkomið tækifæri fyrir löggjafarvaldið til að einfalda regluverk leyfisveitinga og stíga lítið en mikilvægt skref á vegi einfaldari stjórnarsýslu.

Samtökin vilja gera sérstaka athugasemd við orðalag 15. greinar. Þar hefur láðst að nefna að greinin elgi við um rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Til að fyrirbyggja misskilning um að hún eigi við um alla nýtingu er lagt til að greinin orðist svo „.....framkvæmdir vegna rannsókna eða vinnslu kolvetnis“.



Bryndís Skúladóttir,
forstöðumaður umhverfismála



Vilhjálmur Egilsson,
framkvæmdastjóri